



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðuneytið
b.t. Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík 23. mars 2022

Efni: Framkvæmd þol- og hlaupaprófa í grunnskólum

Á síðustu árum hafa rannsóknir ítrekað sýnt fram á að hreyfingu sé ábótavant hjá íslenskum börnum og ekki síst börnum á unglingsaldri, þar sem niðurstöður rannsókna sýna að það dregur úr hreyfingu barna eftir því sem þau verða eldri. Þá hafa rannsóknir einnig sýnt fram á að grunnskólanemendur sem búa við fjárhagslegt óöryggi, búa ekki með báðum foreldrum eða eiga foreldra af erlendum uppruna, eru síður líkleg til að hreyfa sig. Árið 2019 vann umboðsmaður barna skýrslu um stöðu fatlaðra barna, sem byggði á niðurstöðum sérfræðihóps barna með fötlun, en þar kom fram að aðgengi fatlaðra barna að íþróttakennslu og skipulögðu íþróttastarfi sé afar takmarkað. Það er því brýnt að fyrirkomulag íþróttakennslu taki mið af þessum ójöfnuði og miði að því að skapa jöfn tækifæri og inngildandi umhverfi.

Í aðalnámsskrá grunnskóla kemur fram að námsgreinin skólaíþróttir gegni veigamiklu hlutverki í heilsuuppeldi og heilsurækt nemenda á allri grunnskólagöngu þeirra. Þá kemur þar einnig fram að markviss hreyfing sé mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda. Í aðalnámsskránni er kveðið á um þá skyldu skóla að fræða nemendur um hreyfingu, að efla hreyfifærni þeirra og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Þá tilgreinir aðalnámsskrá að með kennslu íþróttagreina náist mörg markmið í einu bæði líkamleg, félagsleg og andleg. Í aðalnámsskrá er tilgreint að það mikilvægasta sé þó gleðin og löngunin til að taka þátt og hreyfa sig meira.

Umboðsmanni barna hafa borist fjölmargar ábendingar á síðustu árum og fyrirspurnir frá nemendum í grunnskóla og foreldrum grunnskólabarna, er varða þol- og hlaupapróf í íþróttakennslu, hin svokölluðu ”píp-test.” Framkvæmd prófanna, sem þó tíðkast ekki í öllum skólum, er með þeim hætti að nemendur hlaupa fram og til baka í íþróttasal skólans, þar sem

tíminn milli lota er stöðugt stytur, en þeir sem ekki ná að hlaupa salinn á enda á tilskyldum tíma, verða að setjast niður og fylgjast með þar til aðeins einn stendur eftir. Samkvæmt ábendingum sem umboðsmanni hafa borist eru dæmi um að börn hafi ofreynt sig í ákafa sínum um að reyna að standa sig vel í prófinu og þá upplifa mörg börn vanlíðan og kvíða fyrir prófinu og á meðan á framkvæmd þeirra stendur. Einnig upplifa mörg börn útsláttinn sem í prófinu felst, og sem á sér stað í viðurvist skólafélaga, sem niðurlægingu.

Ljóst er að fjölmargir nemenda upplifa ekki að þessi próf fari fram í öruggu umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Í stað þessara aðferða, ætti að byggja á því sjónarmiði að göngur og hlaup eru hreyfing sem nánast allir geta stundað, sér til heilsubótar og á sínum forsendum, án þess að þörf sé á sérstökum búnaði, eða mætingu á tilteknum tíma í sérútbúinn sal. Í slíkri hreyfingu felast mikilvæg jöfnunartæki, sem mikilvægt er að kennsla í skólaíþróttum leggi sérstaka áherslu á.

Samkvæmt 2. gr. grunnskólalaga, nr. 91/2008, er það hlutverk grunnskóla að stuðla að alhliða þroska nemenda og þá skulu starfshættir grunnskóla mótast af umburðarlyndi og virðingu fyrir manngildi, en samkvæmt ákvæðinu skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Umrætt ákvæði á við um íþróttakennslu, á sama hátt og kennslu í öðrum greinum.

Að mati umboðsmanns barna er brýnt að mennta- og barnamálaráðuneytið taki þetta málefni til skoðunar og beini þeim fyrirmælum til skóla að hverfa frá notkun slíkra prófaðferða og matsaðferða sem ganga þvert á markmið aðalnámsskrár, um að styrkja sjálfsmynd barna og hvetja þau til markvissrar hreyfingar og þátttöku.

Umboðsmaður barna óskar því eftir upplýsingum ráðuneytisins um það hvort ráðuneytið hyggist taka umrætt fyrirkomulag til skoðunar og bregðast við framkomnum athugasemdum og sjónarmiðum barna, sem umboðsmaður barna hefur hér með komið á framfæri. Þess er óskað að umbeðin svör berist svo fljótt sem verða má.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna